

Skýrsla stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands, flutt á 9. aðalfundi
Skólaskrifstofunnar föstudaginn 15. október 2004 í Safnaðarheimilinu á
Reyðarfirði.

Stjórn Skólaskrifstofu Austurlands sem nú lýkur starfstíma sínum var kjörin á 8. aðalfundi Skólaskrifstofunnar sem haldinn var hér á Reyðarfirði 15. október 2003. Fráfarandi stjórn skipa Jósef Friðriksson, Stöðvarfirði, formaður, Ágústa Björnsdóttir, Austur-Héraði, varaformaður, Jón Halldór Guðmundsson, Seyðisfirði, ritari, en aðrir í stjórn eru Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Vopnafirði og Gunnlaugur Sverrisson, Fjarðabyggð. Auk þessara 5 aðalmann hafa þau Maríanna Jóhannsdóttir, Fellahreppi og Sigfríður Þorsteinsdóttir, Breiðdalshreppi, setið fundi sem varamenn í forföllum aðalmanna á starfsárinu. Fulltrúi Skólastjórafélags Austurlands á einnig seturétt á stjórnarfundum Skólaskrifstofunnar og fráfarandi formaður þess, Sverrir Gestsson hefur nýtt þann rétt vel á starfsárinu.

Fráfarandi stjórn hélt fimm formlega stjórnarfundum á starfsárinu, fjóra á skrifstofu Skólaskrifstofunnar á Reyðarfirði og einn á Hótel Héraði á Egilsstöðum. Á þann fund mættu fulltrúar úr Stýrihópi Norðursvæðisverkefnisins, en í upphafi starfsársins benti flest til þess að átta sveitarfélög sem þá áttu aðild að Norðursvæðisverkefninu myndu segja sig úr byggðasamlaginu um Skólaskrifstofu Austurlands og stofna sameiginlega félags- og skólaþjónustu fyrir þessi átta sveitarfélög frá og með haustinu 2005. Af því varð ekki og verður ekki a.m.k. tvö næstu árin. Þar með er ljóst að rekstur Skólaskrifstofunnar og starfssvæði verður með óbreyttu sniði í það minnsta tvö næstu starfsár. Það er full ástæða til að fagna því, að því óvissuástandi sem Skólaskrifstoan hefur búið við hefur verið eytt í bili.

Með Grunnskólalögnum sem tóku gildi árið 1996 fluttist grunnskólinn yfir til sveitarfélaganna með þeim skyldum, að sjá skólum sínum fyrir sérfræðiþjónustu, bæði almennri og greinabundinni kennsluráðgjöf, námsráðgjöf og sálfræðiþjónustu. Til að sveitarfélögin á Austurlandi, frá Bakkafirði í norðri til Breiðdalsvíkur í suðri, gætu uppfyllt þessa skyldu sína ákváðu þau að stofna með sér byggðasamlag um rekstur sérfræðiþjónustu fyrir grunnskóla sína. Starfssvæði Skólaskrifstofunnar stækkaði til suðurs um síðustu áramót þegar Djúpavogshreppur varð formlegur aðili að byggðasamlaginu en Skólaskrifstofan hafði fram að þeim tíma sinnt sérfræðiþjónustu fyrir grunnskólann og leikskólann á Djúpavogi eftir föngum. Á þeim átta árum sem Skólaskrifstofa Austurlands hefur starfað hefur þjónustan verið byggð jafnt og þétt upp og má fullyrða að óvíða sé þessum þætti betur sinnt en á starfssvæði Skólaskrifstofu Austurlands. Skólaskrifstofan hefur á að skipa mjög hæfu og reyndu starfsfólki sem sinnir grunn- og leikskólum varðandi sálfræðiráðgjöf, sérkennsluráðgjöf, almenna kennsluráðgjöf og ráðgjöf vegna nemenda með íslensku sem annað mál. Þess utan hefur Skólaskrifstofan aðgang að ráðgjöf hjá iðjubjálfa, talmeinafræðingi og námsráðgjafa.

Í þessari skýrslu stjórnar verður ekki fjallað um starfsemi Skólaskrifstofunnar á starfsárinu enda er það gert með greinargóðum hætti í skýrslu Skólaskrifstofunnar sem liggur fyrir fundinum. Á eitt atriði í starfi Skólaskrifstofunnar verður þó dregið.

Forvarnarstarf er forgangsmál bæði í starfi kennsluráðgjafa og sálfræðinga hjá Skólaskrifstofunni og leitast er við að grípa til aðgerða strax og vanda verður vart hjá nemendum, sérstaklega á leikskólaaldri. Góð og skjót greining og ráðgjöf getur oft komið í veg fyrir alvarlegri vandamál síðar meir. Rannsóknir sýna að lestur og mál eru samofin og að málþroski skiptir miklu máli fyrir lestur. Undirbúningur lestrarnáms hefst strax í leikskóla og því er gríðarlega mikilvægt að greina vanda varðandi grunnfærniþætti lestrarnáms fljótt og eru til þess lögð skimunarpróf til að kanna mál- og hljóðkerfisvitund fyrir elstu nemendur leikskólanna að hausti og svo aftur í febrúar. Skólaskrifstofan leggur svo málþroskapróf fyrir nemendur með slaka niðurstöðu úr þessum skimunarprófum. Það er því sérstakt áhyggjuefni stjórnar og starfsfólks Skólaskrifstofunnar að skortur er á þjónustu talmeinafræðings á Austurlandi. Þetta þýðir að foreldrar geta þurft að fara annað með börn sín og dvelja í eina til tvær vikur í burtu til að leita þjónustu fyrir börn sín til þjálfunar. Stjórn Skólaskrifstofunnar hvatti sveitarstjórnirnar á starfssvæðinu til að hlutast til um að þessi þjónusta fengist á Austurlandi en ekkert hefur gerst í þeim efnum ennþá. Þótt stjórnin leggi ekki til á þessari stundu að ráðinn verði talmeinafræðingur að Skólaskrifstofunni er sú hugmynd viðruð hér hvort ekki geti verið skynsamlegt að kanna þann möguleika.

Mál sem koma til kasta Skólaskrifstofu Austurlands hefur fjölgað ár frá ári frá stofnun hennar árið 1996. Tilvísanir eru nú komnar í um 500 á skólaári samanborið við rúmlega 150 skólaárið 1996 – 1997. Þrátt fyrir þetta eru biðlistar að stytast. Þetta sýnir að starfsemi Skólaskrifstofunnar er í góðum farvegi og skiptir þar mestu hæft og gott starfsfólk en einnig að sveitarfélögin hafa búið vel að Skólaskrifstofunni og mætt auknum þörfum grunn- og leikskólanna á greiningu og ráðgjöf með auknum fjárframlögum til Skólaskrifstofunnar. Rekstur hennar hefur gengið mjög vel undanfarin ár, enda er gætt fyllstu aðgæslu og ráðdeildarsemi í rekstri hennar. Þess vegna er það stjórninni og væntanlega sveitarfélögunum það mikið ánægjuefni að ekki er gert ráð fyrir hækkun framlaga sveitarfélaganna til Skólaskrifstofunnar í rekstraráætlun fyrir árið 2005 hvað sem síðar kann að verða.

Eftir langvarandi niðursveiflu á Austurlandi hvað varðar íbúáþróun erum við farin að sjá langþráða fjölgun íbúa í mörgum sveitarfélögum á Austurlandi í kjölfar virkjunar- og stóriðjuframkvæmda. Þetta þýðir að grunn- og leikskólabörnum er byrjað að fjölga og mun fjölga enn á starfssvæði Skólaskrifstofunnar á næstu árum. Þetta getur haft í för með sér hlutfallslega enn aukinn fjölda tilvísana um ráðgjöf og greiningu, enda má búast við því að einhver vandamál skapist í skólastarfi þegar nemendum fjölgar ört og mikið, jafnframt því að nemendur sem flytjast inn á svæðið gætu átt í einhverjum vandræðum með að aðlagast nýjum heimkynnum. Þessu verða sveitarfélögin að gefa gaum og búa sig undir að aukin fjárútlát fylgi.

Að lokum vil ég þakka forstöðumanni, starfsfólki og félögum mínum í stjórn Skólaskrifstofu Austurlands traust og gott samstarf.

F.h. stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands

Jósef Friðriksson.